

## Skýrsla um starfsemi Listasafns Sigurjóns Ólafssonar maí 2005 – maí 2006

*Aðföng, gjafir og lykilverk eftir Sigurjón Ólafsson.* 05.02.05 – 31.08.05

Safn 23 listaverka sem eru ólík að stíl, gerð og efni, en eru flest ný í eigu safnsins. Sýningin var fjórskipt; *Verk gerð í Danmörku 1936 – 40, Andlitsmyndir, Frjáls afstraktverk frá ýmsum tímum og Tillögur að umhverfisverkum*. Fjölritaður 8 síðna bæklingur með texta safnstjóra á íslensku og ensku fylgdi sýningunni.

Eftir samkomulagi við Listaháskóla Íslands fékk Áslaug Íris Friðjónsdóttir, nemandi úr skólanum, aðstöðu í safninu til að halda sýningu dagana 29.04 til 1.05.2005.

Á íslenska safnadeginum 10. júlí var ókeypis aðgangur að safninu og var aðsókn mjög góð.

*HRAUNBLÓM - Lavaens blå blomst* 17.09.05 – 27.11.05

Farandsýning með Íslandsmyndum Carl-Henning Pedersen og Else Alfelt frá 1948 ásamt verkum Svavars Guðnasonar og Sigurjóns Ólafssonar frá svipuðum tíma. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra opnaði sýninguna í Listasafni Sigurjóns að loknum ávörpum Birgittu Spur og Lasse Reimann, sendiherra Dana á Íslandi. Gefin var út glæsileg sýningarskrá á íslensku og dönsku með greinum eftir Hanne Lundgren, Æsu Sigurjónsdóttur og Aðalstein Ingólfsson. Sýningin var í Listasafninu á Akureyri 14.01 – 26.02.2006 og fór þaðan til Carl-Henning Pedersen og Else Alfelts Museum í Herning 07.04 – 14.05.2006 og verður að lokum á Norðurbryggju í Kaupmannahöfn haustið 2006. Sýningin hefur hlotið styrki frá Norræna menningar-sjóðnum, Fondet for Dansk-Islandsk Samarbejde, Kunstrådet í Danmörku og SJÓVÁ. Listasafn Sigurjóns stendur fyrir sýningunni og ber ábyrgð á henni.

Í samvinnu við Félag íslenskra myndmenntakennara voru búin til sérstök verkefni fyrir grunn- og framhaldsskólanemendur og var skólum og myndmenntakennurum boðið að koma með nemendahópa á sýninguna. Um tugur bekkjardeilda kom í safnið og myndir sem krakkarnir höfðu málað í heimsóknunum voru til sýnis síðustu sýningarhelgi og gáfu þær sýningunni skemmtilegan blæ.

*Úr fórum safnsins* 04.–19.02.06

Óskráð sýning á verkum Sigurjóns, stóð þrjár helgar. Fjölritaður bæklingur í z-broti fylgdi.

*Út á skýjateppið - Draumsæi og náttúrufar þriggja listforma* 24.02–14.05.06

Á sýningunni mætast þrjú ólík listform, skúlptúrar Sigurjóns, textíl- og steinverk Helgu Pálínu Brynjólfssdóttur og ljóð Berglindar Gunnarsdóttur. Helga Pálína og Berglind stóðu fyrir sýningunni og gáfu út 16 síðna bækling. „Verkin lýsa nátturufari draums og jarðar; í ljóðunum er brugðið upp myndum af nokkrum stöðum í Reykjavík, m.a. Laugarnesinu. Verk Sigurjóns veita hinum efnisformunum aukið þyngdarafl, á meðan loftkennt eðli ljóðsins undirstrikar draumsæi viðarmyndanna og textílverkanna“. Sýningin sem var framlag safnsins til Vetrarhátíðar í Reykjavík var opnuð á Safnanótt.

*Sumarsýning 2006* 27.05–03.09.06

Úrval skúlptúra og portretta eftir Sigurjón Ólafsson.

### *Aðrar sýningar*

Þann 7. október 2005 var hátíðleg opnun á sýningu/innsetningu eftir svissnesku listakonuna Pipilotti Rist í AROS Aarhus Kunstmuseum þar sem hún notar gifsmynd Sigurjóns Ólafssonar *Fótboltamaður* (LSÓ 1037), sem Aarhus Kunstmuseum keypti árið 1936. Innsetning þessi á að vera til sýnis næstu 3 árin í sérstakri stofu í þessu nýbyggða safni. Nýi Carlsberg sjóðurinn kostaði verk Pipilotti.

### *Sumartónleikar*

Árið 2005 voru haldnir 14 tónleikar í sumartónleikaröð safnsins og tóku 37 hljóðfæraleikarar og söngvarar þátt í þeim. Tónlistarsjóður veitti þá upphæð sem sótt var um, kr. 250.000.

Tuttugu og tvær umsóknir bárust fyrir auglýstan frest (14.02.06) vegna sumartónleika 2006. Níu tónleikar verða í tónleikaröðinni á tímabilinu 11. júlí til 29. ágúst. Stefnt er að því að gefa út prentaðan bækling um tónleikana með myndum af tónlistarfólkinu.

### *Gjafir til safnsins*

Þann 22.02.2006 færði Guðjón Sigurbjörnsson læknir safninu vinnumodel úr frauðplasti að verki Sigurjóns *Minnisvarði um köttinn Loka* frá árinu 1979, LSÓ 100. Módelið hefur fengið skráningarnúmerið LSÓ 263.

### *Styrkveitingar til safnsins*

Pokasjóður veitti safninu 250.000 króna styrk og Glitnir 400.000 króna styrk, hvoru tveggja vegna sumartónleika 2006.

Þann 16. maí 2005 veitti menningarsjóður VISA Ísland 250.000 kr. til endurgerðar lágmyndanna tveggja, sem nú hafa verið steypar í brons og bíða uppsetninga á lóð safnsins.

### *Aðrir viðburðir í safninu*

21.04.05	Afmælistónleikar Elínar Gunnlaugsdóttur tónskálds
22.04.05	Kammertónleikar nemenda úr Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar
24.04.05	Kennaratónleikar Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar
28.05.05	Útskriftartónleikar úr Nýja Tónlistarskólanum
05.06.05	Útskriftartónleikar úr Söngskólanum í Reykjavík
16.06.05	Menningarsjóður VISA afhendir styrki
04.08.05	Menningarsjóður Íslandsbanka afhendir styrki
06.08.05	Tónlistarverðlaun Jacquillat afhent
21.08.05	Nemendatónleikar DRYAS hópsins
21.09.05	Vígbór Sjafnar Zophoníasson, söngtónleikar
11.11.05	Fiskveiðisjóður heldur boð í safninu
25.11.05	Hópur bandarískra ferðamanna á vegum Ferðaskrifstofu Guðmundar Jónassonar naut leiðsagnar og tónlistar í safninu á Þakkargjörðarhátíð Bandaríkjanna
03.12.05	Jólatónleikar Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar
06.12.05	Kennaratónleikar Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar
09.12.05	Jólatónleikar Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar
25.03.06	Útskriftartónleikar Kristínar Höllu Bergsdóttur
05.04.06	Tónskóli Sigursveins heldur tónleika í tilefni átræðisafmælis Jóns Nordal
29.04.06	Burtfararprófstónleikar Óskars Halldórssonar

### *Langtímalán*

Eftirtaldir aðilar hafa listaverk úr umsjón safnsins að láni:  
Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen *Nýtt líf* (1979, LSÓ 103), Sundaborg *Blómgun* (1978, LSÓ 251) og *Ég bið að heilsa* (1973, LSÓ 073), Menntamálaráðuneytið *Tveir bogar eða Hanar* (1979, LSÓ 108) og Háskólinn í Reykjavík *Fótboltamenn* (1936, LSÓ 247).

Sýnd eru í safninu nokkur verk Sigurjóns í eigu annarra:

*Reifabarn/Steinn Steinar* (1955, LSÓ 1137) í eigu ASÍ safnsins, *Ásgrímur Jónsson* (1947, LSÓ 1089) í eigu FÍM. Á lóð safnsins eru: *Faðmlög* (1949, LSÓ 1102) og *Lágmynd* (1950, LSÓ 1104) úr eigu Listasafns Íslands.

Ennfremur hefur Páll Guðmundsson á Húsafelli lánað höggmynd sína *Hallgerður Langbrók* og er hún úti á lóð safnsins.

#### *Safnmunir*

Listaverkæign safnsins er 155 þrívíð verk og 240 teikningar, samtals 395 verk. Einkasafn Birgittu Spur og barna hennar lánar að staðaldri sjálfseignarstofnuninni Listasafni Sigurjóns Ólafssonar 109 þrívíð verk.

#### *Munir í fjargeymslu*

Lýður Pálsson safnstjóri Byggðasafns Árnesinga á Eyrarbakka hefur af mikilli velvild veitt geymsluaðstöðu í þjónustubyggingu Byggðasafnsins fyrir eftirtalin verk:

*Gríma*, gifs, h. 130 cm, LSÓ 229. Myndin er eftirgerð af Grímu 1947, h. 42 cm, LSÓ 011, sem Erlingur Jónsson gerði 1989 í vinnuferlinu við stækkun verksins upp í 260 cm hæð.

*Fótboltamenn*, gifs, 250×225×100, LSÓ 1374. Myndin er stækkun á *Fótboltamenn*, 1936, LSÓ 247 unnin hjá Pangolin Editions, Englandi, árið 2001.

*Farfuglar*, 1975, frauðplast, 110×100, LSÓ 067.

Hjá Fraktlausnum eru geymd eftirtalin verk:

*Fótboltamaður*, 1936, gifs, 192×90×78, LSÓ 004. Bronsafsteypa var gerð árið 1987 hjá Kristiania Kunst & Metalstöberi, Osló fyrir Listasafn Íslands.

*Lágmynd*, 1977–78, brons, 106×300×55, LSÓ 085.

*Lágmynd*, 1977–78, brons, 106×300×55, LSÓ 086.

Báðar myndir steypar hjá Pangolin Editions 2004–2005 og bíða þær uppsetningar á lóð safnsins.

#### *Skráning, rannsóknir og miðlun*

Listaverkaskrá safnsins er uppfærð eftir því sem við á, bæði á spjöld og í tölvuskrá. Sérstök áhersla hefur verið lögð á að safnið eignist stafrænar ljósmyndir í prentgæðum af verkum Sigurjóns, ýmist nýjar myndir, eða skannaðar af ljósmyndum.

LSÓ heldur úti öflugum netsíðum ([www.lso.is](http://www.lso.is)) bæði á íslensku og ensku. Lögð er áhersla á að upplýsingar um sýningar, tónleika og aðra viðburði séu uppfærðar og að þar megi einnig sjá öll frávik frá venjulegum opnunartíma safnsins.

LSÓ var fyrst íslenskra listasafna til að ljúka skráningu allra mynda eins listamanns á tölvutæku formi og gefa út. Nú er unnið að því að yfirfæra heildarskrána ásamt ljósmyndum á HTML (vefsíðuform) þannig að það verði aðgengilegt á netinu. Tilraunaútgáfa hefur verið búin til á geisladiski, en reiknað er með því að skráin verði flutt á netþjón safnsins haustið 2006 og verði þá aðgengileg öllum. Safnasjóður veitti styrk til þessa verkefnis árið 2005.

#### *Um verk Sigurjóns í alfaraleið*

*Klyffjapestur* (1959–63, LSÓ 1167) hefur verið fluttur úr Sogamýri og settur upp á Hlemmtorgi þar sem borgarstjóri afhjúpaði verkið þann 23. júlí 2005.

#### *Verkefni sem er framundan*

Haustsýning í safninu 2006. Eins og undanfarin ár verður efnt til gestasýningar í safninu að hausti og mun Hallsteinn Sigurðsson myndhöggvari sýna nýja járnskúlpúta.

Framundan er undirbúningur aldarafmælis Sigurjóns 21. október 2008. Viðræður eru hafnar um skiptisýningu á verkum Sigurjóns og basneska myndhöggvarans Jorge Oteiza, sem var fæddur sama ár og sama dag og Sigurjón. Birgitta hefur heimsótti safn Oteiza í Navarra og fundað með safnstjóranum. Ljóst að nokkuð mikilla styrkja er þörf eigi þessi hugmynd að ganga eftir.

### *Skólaheimsóknir*

Skólaheimsóknir voru um 20 talsins og flestar á sýningunni *Hraunblóm*.

### *Fjöldi safngesta*

2005 var um 4500

### *Aðgangseyrir*

Aðgangseyrir er 300 krónur á almennar sýningar og 400 kr. fyrir sérsýningar, en 200 kr. fyrir eldri borgara og frítt fyrir börn í fylgd fullorðinna og skólalópa. Frítt er fyrir þá sem framvísa Gestakorti Reykjavíkur, safnmannakorti ICOM og myndlistar-nema og kennara.

### *Safnið er opið:*

1. júní – 30. sept.: Opið alla daga nema mánudaga kl. 14 – 17.

1. okt. – 31. maí.: Opið laugardaga og sunnudaga kl. 14 – 17.

Í desember og janúar er safnið aðeins opið samkvæmt samkomulagi.

### *Starfsmenn*

Í föstu starfi hjá safninu er Birgitta Spur og Geirfinnur Jónsson. Sumarið 2005 voru lausráðnar við safnið Þóra Sigurbjörnsdóttir, BA í listasögu frá Háskólanum í Árósum, Mónica Dís Árnadóttir, nemi í húsaagerðalist og Júlía Mogensen tónlistarnemi.

### *Aðalfundur LSÓ*

var haldinn 14.06.05

### *Stjórnarfundur*

Stjórnarfundur var haldinn 14.02.2006

### *Stjórn LSÓ skipa*

Birgitta Spur (formaður), Hlíf Sigurjónsdóttir, Æsa Sigurjónsdóttir, Anna Einarsdóttir og Gísli Sigurðsson. Varamenn eru Geirfinnur Jónsson og Karólína Eiríksdóttir.

### *Fulltrúaráð LSÓ skipa*

Anna Einarsdóttir, Björg Þorsteinsdóttir, Brynja Benediktsdóttir, Erlingur Jónsson, Gísli Sigurðsson, Guðrún Agnarsdóttir, Inga Lára Baldvinsdóttir, Karólína Eiríksdóttir, Kristján Guðmundsson, Pétur Guðmundsson (varaformaður), Sigmundur Guðbjarnarson (formaður) og Vikar Pétursson.

### *Endurskoðandi safnsins er*

Árni Snæbjörnsson löggiltur endurskoðandi hjá Ernst & Young hf.

## Sumartónleikar LSÓ 2005

Þriðjudaginn 21. júní

**Sesselja Kristjánsdóttir** mezzosópran og **Antonia Hevesi** píanó. Vögguljóð frá ýmsum löndum austan hafs og vestan, meðal annars eftir Benjamin Britten, Aaron Copland, Hanns Eisler, Manuel de Falla, Xavier Montsalvatge og íslensk tónskáld.

Sunnudaginn 26. júní kl. 17:00 (aukatónleikar)

*Gruppo Atlantico*, **Sigurlaug Eðvaldsdóttir** og **Hlíf Sigurjónsdóttir** fiðluleikarar, **Guðrún Þórarinsdóttir** víóluleikari og **Þórir Jóhannsson** kontrabassaleikari ásamt **Sigurgeiri Agnarssyni** selló, **Rúnari Óskarssyni** klarinett, **Darren Stonham** fagott og **Emil Friðfinnssyni** horn. Oktett D 803 fyrir blásara og strengi eftir Franz Schubert.

Þriðjudaginn 28. júní

**Helga Þórarinsdóttir** víola og **Kristinn H. Árnason** gítar. Tónverk eftir *Benedetto Marcello*, Antonio Vivaldi, Ferdinando Carulli, Manuel de Falla og Árna Thorsteinsson.

Þriðjudaginn 5. júlí

*Trió Trix*. **Sigríður Bjarney Baldvinsdóttir** fiðla, **Vigdís Másdóttir** víola og **Helga Björg Ágústsdóttir** selló. Strengjatrío í a-moll eftir þýska tónskáldið Max Reger og Serenaða fyrir strengjatrío eftir ungverska tónskáldið Ernst von Dohnányi.

Þriðjudaginn 12. júlí

**Sigríður Aðalsteinsdóttir** mezzosópran og **Helga Bryndís Magnúsdóttir** píanó. Verk eftir Jón Ásgeirsson, Pál Ísólffson, Franz Schubert, Robert Schumann, Johannes Brahms og Gustav Mahler.

Þriðjudaginn 19. júlí

*The Slide Show Secret*. **Eva Zöllner** harmonika og **Kristján Orri Sigurleifsson** kontrabassi leika ný verk eftir ung þýsk og íslensk tónskáld; Úlfar Inga Haraldsson, Inga Garðar Erlendsson, Helmut Zapf og Matthias Pintscher. Einnig verk eftir bandaríska tónskáldið John Cage.

Þriðjudaginn 26. júlí

*Duo Landon*. **Hlíf Sigurjónsdóttir** og **Hjörleifur Valsson** fiðluleikarar leika 44 dúó eftir Béla Bartók á fiðlur franska fiðlusmiðsins Christophe Landon.

Þriðjudaginn 2. ágúst

**Bára Grímsdóttir** söng- og kvæðakona og kjöltuhörpuleikari og **Chris Foster** söngvari og gítarleikari. Á efnisskránni eru íslensk þjóðlög - þar með talin kvæðalög - og ensk þjóðlög í útsetningu flytjenda.

Þriðjudaginn 9. ágúst

**Tómas R. Einarsson** kontrabassi, **Óskar Guðjónsson** tenór- og barítónsaxafónn, **Snorri Sigurðarson** flygilhorn og trompet, **Ómar Guðjónsson** gítar og **Matthías M. D. Hemstock** trommur og slagverk. Valsar um ástina og eitt timburmannaljóð. Djassvalsar eftir Tómas R. Einarsson.

Þriðjudaginn 16. ágúst

**Jóhanna Halldórsdóttir** alt, **Heike ter Stal** teorba, **Steinunn Arnbjörg Stefánsdóttir** barokkselló og **Guðrún Óskarsdóttir** semball. *Il Rosignolo - Næturgalinn*. Ítölsk barokktónlist eftir *Gasparini*, *Scarlatti*, *Piccinini*, *Strozzi*, *Frescobaldi*, *Cassini*, *Cazzati* og *Monteverdi*.

Þriðjudaginn 23. ágúst

**Auður Hafsteinsdóttir** fiðla og **Anna Guðný Guðmundsdóttir** píanó. *Stríð og friður*. Sónata fyrir fiðlu og píanó í F-dúr eftir Edward Grieg og Sónata fyrir fiðlu og píanó í f-moll eftir Sergej Prokofiev.

Þriðjudaginn 30. ágúst

**Alda Ingibergsdóttir** sópran og **Ólafur Vignir Albertsson** píanó. Sumarið og ástin. Sönglög eftir Sigfús Halldórsson, Jón Ásgeirsson, Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Jón Þórarinsson og Þórarin Jónsson. Einnig óperuaríur eftir Offenbach og Verdi.

Sunnudaginn 4. september kl. 17. (aukatónleikar)

*Gershwin og borgin hans, New York*. **Lincoln Mayorga** píanóleikari leikur tónverk eftir George Gershwin og tekur dæmi um evrópsk og amerísk áhrif í tónlist hans og annarra félaga í „Tin Pan Alley“ hópnum. Sögulegar frásagnir og skemmtisögur frá þessu áhugaverða tímabili jazz-sögunnar eru fléttaðar inn í dagskrána.

Þriðjudaginn 6. september

**Hlíf Sigurjónsdóttir** fiðla og **Lincoln Mayorga** píanó. Kvöldstund með Fritz Kreisler. Syngjandi létt tónlist með ljúfsárum trega í anda kaffihúsa Vínarborgar.